

Kirkjuþing unga fólksins 2017.
4. mál –þskj. 9.

TILLAGA

til þingsályktunar um starfshóp til að endurskoða skipulag æskulýðsmála þjóðkirkjunnar.
(Lagt fyrir kirkjuþing unga fólksins 2017)

Flm. Biskup Íslands
Frsm. Eline Rabbevág

Kirkjuþing unga fólksins 2017 styður skipan starfshóps á vegum biskups Íslands er endurskoði skipulag æskulýðsmála þjóðkirkjunnar. Kirkjuþing unga fólksins 2017 ályktar að tilnefna einn fulltrúa í starfshópinn að beiðni biskups Íslands og einn til vara.

Greinargerð

Biskup Íslands hyggst skipa þriggja manna starfshóp til að endurskoða skipulag æskulýðsmála þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn verði skipaður einum fulltrúa sem biskup tilnefnir, einum fulltrúa tilnefndum af kirkjuþingi unga fólksins og einum fulltrúa tilnefndum af ÆSKÞ. Hver þessara tilnefningaraðila tilnefni einn til vara. Biskup ákveður hver leiði starf starfshópsins að tilnefningum fengnum. Leitað verði samstarfs og samráð haft við KFUM og KFUK og aðra aðila sem að æskulýðsmálum koma.

Kirkjuþing unga fólksins hefur komið saman árlega í sjö ár og er þingið árið 2017 hið áttunda. Á kirkjuþingi unga fólksins árið 2016 komu fram skýrar vísbendingar um að yfirstjórn kirkjunnar yrði að veita æskulýðsmálum, þ.m.t. samþykktum kirkjuþings unga fólksins, meiri athygli og fylgja þeim betur eftir. Þá var vakin athygli á því að málaflokkurinn æskulýðsmál hefði ekki skilgreindan verkefnisstjóra eða starfsmann á Biskupsstofu og var ályktað um að endurvekja þá stöðu. Á aðalfundi ÆSKÞ árið 2017 voru samþykktar tvær ályktanir sem varða skipulag æskulýðsmála. Annars vegar ítrekaði aðalfundur samþykkt fyrra árs um að kirkjuráð tæki fyrir starfsreglur æskulýðsnefndar þjóðkirkjunnar, svo nefndin mætti starfa á ný. Hins vegar var tekið undir framangreinda samþykkt kirkjuþings unga fólksins um endurvakningu stöðu æskulýðsfulltrúa Biskupsstofu. Ályktanir ÆSKÞ eru aðgengilegar fulltrúum á kirkjuþingi unga fólksins árið 2017. Að mati biskups er brýn þörf á að endurmeta skipulag æskulýðsmála heildstætt og móta stefnu um þau, sem skilgreini gildi og tilgang æskulýðsstarfs. Mótaðar verði raunhæfar tillögur um hvernig ná megi sem mestum og bestum árangri á sviði æskulýðsmála og efla æskulýðsstarf. Unnar verði tillögur að endurskoðuðu skipulagi eftir því sem tilefni er til. Greidd verður þóknun fyrir þátttöku í starfshópnum samkvæmt reglum þóknananefndar þjóðkirkjunnar og leitað verður eftir fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun sem starfshópnum verður falið að vinna í upphafi. Að mati biskups Íslands er eðlilegt að auk fulltrúa kirkjuþings unga fólksins sé fulltrúi frá ÆSKÞ. Sömuleiðis er eðlilegt að tryggja að KFUM og KFUK komi

með virkum hætti að starfinu. Starfshópurinn mun fá starfsaðstöðu á Biskupsstofu eins og óskað er og njóta aðstoðar og liðsinnis starfsfólks eftir nánari ákvörðun þar um.

Nefndarálit:

Þegar nefndin tók málið fyrir vöknudu margar spurningar í tengslum við tillöguna. Nefndin vill fá svör um hvort þessi starfshópur komi til með að starfa í takmarkaðan tíma eða hvort hann væri settur til frambúðar? Hversu oft mun starfshópurinn koma til með að hittast árlega? Hvað felst í því að endurskipuleggja æskulýðsstarfið?

Nefndin leggur til að starfshópurinn, sé hann einungis hugsaður til styttri tíma, starfi til frambúðar því æskulýðsstarf tekur stöðugum breytingum og unglingar í íslensku samfélagi breytast einnig og þarf að taka mið að því þegar verið er að skipulega æskulýðsstarf.